

Skólaráðsfundur föstudaginn 28.maí 2021

Fundur settur kl.9.50 á Fonti

Mættir: Hilma, Árni Davíð og Magdalena fulltrúar kennara, Sólveig fulltrúi starfsfólks, Sigurður Ragnar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Vilborg fulltrúi foreldra, Alexandra Heiða og Steinfríður María fulltrúar nemenda.

Skóladagatal 2021-2022 lagt fyrir til kynningar en búið er að samþykkja það í fræðslunefnd.

Umræður um hvort og hvenær samræmd próf verða.

Umræður um hvernig síðustu tveimur vikunum í maí verði háttað.

Starfsmenn 2021-2022 – kynning á starfsmönnum næsta vetrar og upplýst um að búið er að sækja um undanþágur fyrir þá starfsmenn sem ekki hafa leyfisbréf kennara.

Punktur frá nemendum – fulltrúar nemenda, þær Alexandra og Steinfríður fóru yfir atriði frá nemendum um það sem þau vilja leggja meiri áherslu á í grunnskóla.

Punktarnir:

- Fjármál og stjórnsmál
- Fleiri bóklegir íþróttatímar, líkamsbeiting í ræktinni
- Táknmál - í vali, fá bæklinga og einhvern til að kenna það
- Leyfa síma ef vandamál þá banna þá aftur, gefa nemendum séns
- Þýska eða franska fyrir eldri
- Samlokur og svali, síðasta föstudag í mánuði, gæti verið fjáröflun fyrir eldri krakkana.
- Færri próf, hafa meira símat, próf stressar nemendur, hafa fleiri minni kannanir og meta út frá verkefnum og vinnu nemenda.

Nemendur í 10.bekk eru að búa til heimasíðu sem ber heitið „fræðsla fyrir unglinga“ en þar koma þau á framfæri þeim málefnum sem þeim finnst mikilvægt að lögð verði meiri áhersla á í skólanum.

Námskrárvinna – Hilma upplýsti um þá vinnu sem farið hefur fram í vetur varðandi en vinna við námskrár gerð hófst haustið 2020 og í janúar byrjaði starfsfólk að vinna í bekkjarnámskrám og er þeirri vinnu að ljúka og þær að verða klárar til birtingar á heimasíðu skólans. Einnig verða þær allar settar inn í Mentor.

Heilsueflandi samfélag – skólaráð er stýrihópur. Skólinn hefur tekið þátt í nokkrum viðburðum á vegum heilsueflandi grunnskóla, s.s. gengið í skólann, tannverndarvika, hreyfivíka og fl.

Ákveðið að taka “heilsueflandi fund” í haust.

Beðið um að ath um fyrirlestur fyrir unglinga um átröskunarsjúkdóma og næringarfræði.

Starfsáætlun skólaráðs – starfsáætlun 2021-2022 útbúin og samþykkt.

Önnur mál:

Farið yfir áhersluatriði næsta vetrar, teymisvinna og jákvæður agi.

Umræður um hvað umgengni og hegðun er góð í skólanum.

Skólalóðin - stjórn foreldrafélagið er að vinna að því að setja rör í gegn um hól og klifurkaðla/skábrautir upp á hól. Foreldrafélagið borgar skábrautir og Langanesbyggð rörin og flutning á báðum. Þetta er væntanlegt í næstu viku og er stefna að auglýsa vinnudag í júní meðal foreldra.

Umræður um „körfuboltavöllinn“ sem er í raun bara malarisvæði, ekki körfuboltavöllur. Það þarf að koma undirlagi á völlinn og setja nýjar körfur. Hilma upplýsti að við vinnu við fjárhagsáætlun var rætt um hugsanlega malbikun á völlinn/svæðið í sumar.

Vantar mottur undir leiktækin, í stað malarinnar.

Sparkvöllur - umræður um mikilvægi þess að skipta út grasinu, enn er efni á vellinum sem ekki er talið hollt fyrir börn að vera mikið í kringum. Fulltrúar nemenda benda á að ljósir skór verða svartir á vellinum og boltar sem þau jafnvel koma með að heiman.

Fulltrúar nemenda benda á að gaman væri að hafa hjólabretta aðstöðu á skólalóðinni.

Fundi slitið kl. 11.12